



Fundargerð

Svæðisráð vestursvæðis - 101. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn á fjarfundi, miðvikudaginn 9. mars 2022, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Árni Pétur Hilmarsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar,
Sandra Brá Jóhannsdóttir, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skaftárhrepps,
Ásta Berghildur Ólafsdóttir, aðalfulltrúi Ásahrepps,
Ingibjörg Eiríksdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Helena Westhöfer Óladóttir, varafulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,
Karl Ingólfsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaganna,
Sveinn Hreiðar Jensson, aðalfulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands,
Fanneý Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður,
Jóna Björk Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar,
Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur.

1. Vestursvæði - af vettvangi stjórnar - 1805025

Formaður fer yfir mál af vettvangi stjórnar VJP.

Haldnir hafa verið tveir stjórnarfundar síðan svæðisráð fundaði síðast. Rekstur þjóðgarðsins er hallalaus á tímabilinu 2018-2021 og jákvæður um 43 milljónir á síðasta rekstrarári. Síðasti stjórnarfundur var haldinn á suðursvæði. Umhverfisráðherra var gestur á fundinum og fékk þar innsýn í starfssemi þjóðgarðsins. Umræða um kynningu formanns.

2. Vestursvæði - Skýrsla þjóðgarðsvarðar - 1912003

Þjóðgarðsvörður fer yfir rekstraráætlun vestursvæðis, mannahaldsáætlanir fyrir sumarið, kynni nýútkomið fréttabréf og ársskýrslu svæðisins.

Þjóðgarðsvörður fór yfir lykiltölur í rekstraráætlun svæðisins. Búið er að manna landvörsluna fyrir sumarið og verið að ganga frá vaktaplani og ráðningarsamningum. Skaftárstofa hefur verið lokuð um helgar framan af ári, en mun opna, á ný, alla daga 1. apríl. Hægt verður að hafa tvo landverði á vakt alla daga í Laka og á Eldgjásvæðinu og tvo á vakt á háönn bæði í Hrauneyjum og Nýjadal. Einnig verðum við með tvo landverði á vakt á Skaftárstofu yfir sumarið.

Þjóðgarðsvörður vakti athygli á lofsverðu framtaki fyrirtækisins Digrakletts ehf, í Skaftárhreppi, sem ákvað í vetur að veita styrki til tveggja ungmenna úr heimabyggð til að fara á landvarðarnámskeið. Þessari hugmynd var vel tekið og í sumar verða því tveir nýir landverðir úr Skaftárhreppi á hálendinu. Digraklettur á miklar þakkir skildar fyrir þetta framtak í þágu náttúrunnar og samfélagsins. Við tökum því fagnandi að fá tækifæri til að fá fleira heimafólk í vinnu og gleðjumst yfir fjölbreyttari atvinnutækifærum fyrir unga fólk okkar.

Árlegt fréttabréf og ársskýrsla vestursvæðis kynnt og rædd. Svæðisráð þakkar vel unna skýrslu og lýsir ánægju sinni yfir því að fjárhagslegt svigrúm sé nægilegt til að mæta mannaflapörf svæðisins.

Fundargerð ritaði: Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 14:00.